

Sp. 173. Tillaga til þingsályktunar

um aukauppbót á styrki til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna.

Flm.: Barði Guðmundsson, Gunnar Thoroddsen, Gísli Sveinsson, Páll Þorsteinsson, Sigfús Sigurhjartarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða aukauppbót á styrk þann til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna, sem Menntamálaráð Íslands úthlutar samkvæmt ákvæðum fjárlaga, eftir reglum þeim, er greinir í þingsályktun frá 28. ágúst 1942 um sérstakar launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins.

G r e i n a r g e r ð .

Árði 1939 fól Alþingi menntamálaráði Íslands að annast úthlutun fjár, sem veitt var í fjárlögum fyrir árið 1940 til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna, og hefur sú skipan haldizt síðan. Með þingsályktun frá 28. ágúst 1942 er ákveðið, að greiða skuli 25—30% aukauppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins. Munu þær uppbætur hafa verið látnar ná einnig til fjárveitinga samkvæmt 18. gr. fjárlaga. Nú er máli þannig háttað, að fjárveitingar til rithöfunda og listamanna voru flestar á þessari fjárlagagrein áður en menntamálaráði var falin úthlutunin (sbr. g-lið 18. gr. fjárlaga fyrir árið 1940). Má þannig auðsætt vera, að nýskípanin á veitingu styrkjanna hefur orðið rithöfundum og listamönnum til tjóns, þar sem þeir annars mundu sjálfsagt hafa notið aukauppbótarinnar. Öll sanngirni virðist þannig mæla með því, að þeir rithöfundar, skáld, vísindamenn og listamenn, sem menntamálaráð veitti styrki á síðastliðnu ári, njóti þeirrar uppbótar, sem greind þingsályktun fjallar um. Þarf naumast að taka það fram, að dýrtíðin mæðir ekki síður á þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli, en starfsmönnum ríkisins.